

Opnunartími sundlauganna

Neslaug: miðvikudaga 17-22 og laugardaga 13-18

Skeiðalaug: mánud. 16-21 fimmtud. 16-21 og laugard. 10-15

Gaukurinn

Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

3.árg. 11.tbl. desember 2023

*Skeiða og Gnúpverjahreppur óskar
ibíum sínum og gestum gleðilegra jóla og
farsældar á nýju ári*



Opnunartími á gámasvæðinu í Árnesi

miðvikudaga 14:00-17:00 og laugardaga 12:00-15:00

ATH. opnun í kringum jól og áramót, sjá bls. 4

Grenndargámar við sundlauginu í Brautarholti og Félagsheimilið í Árnesi opnir allan sólarhringinn

Nú styttest óðfluga í jólin og er langt síðan mig hefur hlakkað jafn mikið til jólaanna og núna. Hugsanlega spilar annasamt ár þar inni og þörfín á að fá örlítið frí frá verkefnum síðustu mánaða.

Framundan eru breytingar í okkar samfélagi og reynsla mín í gegnum lífið þegar breytingar eiga sér stað er að við höfum tvo valmöguleika. Annar er sá að taka ekki ákvarðanir og bregðast við breytingunum eftir að þær hafa átt sér stað. Með því móti stjórna breytingarnar sjálfar útkomunni. Hinn valmöguleikinn, sem ég hef ávallt haft að leiðarljósi er að hafa stjórn á þeim breytingum sem eru framundan. Hafa báðar hendur á stýri og leiða breytingarnar til þess að breytingarnar verði jákvæðar og við komum sterkari inn í nýja tíma.

Það eru mikil tækifæri til uppbyggingar og atvinnusköpunar í okkar sveitarfélagi. Við erum rík af auðlindum og höfum alla möguleika til að byggja upp eftirsóknarvert samfélag til búsetu með góðri þjónustu. Uppbygging ferðapjónustu mun verða mikil á næstu árum, þá sérstaklega með tilkomu Fjallabaðanna og gestastofu við Selhöfða, en einnig í frekari uppbyggingu gistingar og þjónustu við ferðamenn í sveitarfélaginu. Landfræðilega er okkar sveitarfélag miðjusettil að skoða alla helstu ferðamannastaði Suðurlands. Það þekki ég vel frá mínum eigin rekstri í gistipjónustu þar sem ferðamenn gista í marga daga í einu og ferðast um Suðurland og njóta þeirra fjölmörgu áfangastaða og þjónustu sem er í okkar nágrenni.

Í sveitarfélaginu er mikil matvælaframleiðsla, enda mikið af góðu

Pistill frá sveitarstjóra



landbúnaðarlandi til matvælaframleiðslu. Tækifærin til aukinnar matvælaframleiðslu með nýtingu á landi, heitu og köldu vatni ásamt þeirri miklu raforku sem verður til hjá okkur skapar lykilforsendur fyrir matvælaframleiðslu framtíðarinnar.

Hvað orkumálin varðar, þá hefur mest raforka verið framleidd í okkar sveitarfélagi í sögu landsins. Ef orkufyrirtæki okkar allra, Landsvirkjun, á að geta aukið orkuframleiðslu sína á komandi árum til þess að anna raforkuþörf boðaðra orkuskipta er nokkuð ljóst að miklar virkjanaframkvæmdir verða á svæðinu næstu árin og áratugina. Hvammsvirkjun og Búrfellslundur munu að öllum líkindum fara af stað á næsta ári. Aflaukning virkjana í efri hluta Þjórsár eru í undirbúningi. Því til viðbótar var verkefnisstjórn rammaáætlunar nú að leggja fram drög að tillögum um mat og flokkun á virkjanakostum. Þar er lagt til að Holtavirkjun, Urriðafossvirkjun og Skrokkölduveita fari í nýtingarflokk. Afgreiðsla rammaáætlunar er á þingmálaskrá Alþingis í mars á næsta ári, svo það stefnir í að uppbygging

fleiri virkjana verði á dagskrá hjá okkur í náninni framtíð. Vert er að minna á að sveitarfélagið hefur ekki skipulagsvaldið þegar kemur að virkjunum í rammaáætlun, svo afgreiðsla Alþingis í vor mun leggja línurnar í því hvað fer í nýtingarflokk með það að markmiði að nýta virkjanakostinn. Raungerist allar þessar virkjanir verða umsvifin á svæðinu tengt framkvæmdunum gríðarleg á næstu 10-15 árum.

Haustið 2022 hófum við vinnu við nýja skólastefnu sem var samþykkt síðasta vor í sveitarstjórn. Nú hefur tímalínan á breytingunum einnig verið samþykkt þar sem frá og með haustinu 2026 verði Þjórsárskóli orðinn heildstæður grunnskóli 1.-10. bekk. Allt ferlið er því að taka fjögur ár og skapar fyrirsjáanleika til framtíðar fyrir þá sem hugsa um að byggja upp og flytja í okkar samfélag. Það er algjör samstaða í sveitarstjórn um að við séum að feta rétta vegferð og rétt sé að hefja uppbyggingu innviða strax. Undirbúningur er hafinn að breytingum á Þjórsárskóla, byggingu fablab/verknámshús og íþróttahúsi sem við áætluðum að hefja framkvæmdir á strax næsta sumar. Þá loksins fáum við húsnæði sem verður nægjanlega stórt til að allir íbúar geti komið saman undir einu þaki, hvort sem er í íþróttum, á Þorralóti, Hjónaballi eða öðrum atburðum, því núverandi húsakostur í sveitarfélaginu

er ekki nægilega stór fyrir fjölmenna viðburði.

Umræðan um breytingarnar í skólamálum hefur verið hávær, en ég hef fengið mikinn fjölda af tölvupóstum, skilaboðum, símtölum og samtölum þar sem mikilli ánægju er lýst yfir ákvörðuninni og við hvött áfram. Loksins eigi að byggja upp og skapa sýn til framtíðar. Ég vil þakka öllum þeim sem hafa hvatt okkur áfram og þann mikla stuðning sem ég finn fyrir þeirri framtíðarsýn sem við erum að skapa. Með báðar hendur á stýri munum við leiða breytingarnar framundan og skapa öflugt samfélag sem verður eftirsóknarvert til búsetu.

Nú liður að endilokum Gauksins á pappírformi, en frá og með 1. janúar 2024 mun Íslandspóstur hætta dreifingu á fjölþósti á landsbyggðinni. Við þá ákvörðun verður útgáfu Gauksins á pappírformi sjálfhætt. Þetta er því í síðasta sinn sem Gauknum verður dreift inn á öll heimili og munum við þurfa að finna Gauknum nýjan farveg í rafrænu formi.

Að lokum vil ég óska ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Kveðja,
Haraldur Þór Jónsson

Öll almenn jarðvinna Ólafsvellir ehf Sími 897-5997



Opnunartími skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps um jól og áramót.

Mánud. 25. desember	LOKAÐ
Þriðjud. 26. desember	LOKAÐ
Miðvikud. 27. desember	LOKAÐ
Fimmtud. 28. desember	09-12 og 13-14
Föstud. 29. desember	09-12
Mánud. 1. janúar	LOKAÐ
Þriðjud. 2. janúar	09-12 og 13-14

Opnunartími gámasvæðis í Árnosi um jól og áramót.

Laugard. 23. desember	LOKAÐ
Miðvikud. 27. desember	LOKAÐ
Fimmtud. 28. desember	09-12 og 13-16
Föstud. 29. desember	09-12
Laugard. 30. desember	LOKAÐ
Grenndargámar við sundlauginu í Brautarholti og félagsheimilið í Árnosi opnir allan sólarhringinn.	

Jólaball

Jólaball kvenfélagana í Skeiða- og Gnúpverjahreppi verður haldið í Árnosi 30. desember kl 14:00

Ástráður og Ljósbrá sjá um að spila og syngja og jafnvel von á rauðklæddum sveinum.

Á ballinu er Pálinubaðs-hlaðborð; (allir koma með eitthvað á hlaðborðið)

Aðgangseyrir er 1000 kr. fyrir 16 ára og eldri.

Jóla Sveitir Kvenfélag Gnúpverja



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps kemur út um hver mánaðarmót og er dreift á öll heimili í sveitarfélaginu. Hægt er að kaupa auglýsingar í blaðið og skal senda auglýsingar og aðsendar greinar til gaukurinn@skeidgnup.is

Útgefandi: Skeiða- og Gnúpverjahreppur. **Ábyrgðarmaður:** Haraldur Þór Jónsson

Dísa gámakvendi



Sæl allir sveitungar og velunnarar gámaþjónustunnar.

Ég er s.s. næst nýjasti vinnumaður sveitarinnar og vinn á gámasvæðinu við að taka á móti og flokka grófan úrgang. Þetta er frískandi og skemmtilegt starf. Ég er ánægð með samstarfsmenn mína og ykkur kæru sveitungar þið eruð

alveg með á nótunum að flokka. Það er kannski ekki alltaf hægt að vera viss því oft hefur verið skipt út flokkun fyrir nýja og öfugt, en lífið er líka breytingum háð svo best er að vera vakandi fyrir nýjum siðum og flokkum. Þar sem mig langar að biðla til ykkar um er: Að reyna að hafa flokkunina tilbúna og vel skilgreinda þegar þið mætið. Þá erum við ekki að borga fyrir loft og gámarnir eru þá ekki að fara frá okkur hálfir að lofti. Betri og hreinni úrgangur er meiri verðmæti fyrir alla, betra að sjá út hve margir rúmmetrar er um að ræða hverju sinni. Svo er jólagjöfin í ár PLOKKARI og við ættum að hafa PLOKKDAG á vorin og haustinn fyrir alla. Svo vil ég óska ykkur gleðilegs flokkunarárs á því næsta og plokkiði plastið af girðingum og trjám. Gaman er líka að sjá að allir eru svo meðvitaðir um að henda rusli og halda náttúrunni sem hreinastri.

Jólakveðja Gámakvendið

RÁÐGJÖF • BÓKHALD • VIÐBURÐIR

ABBAY ROAD

Sími: 897 5666

Netfang: jonas@abbeyroad.is

Jólatónleikar í Árnesi

Sunnudaginn 17. desember kl. 17:00 munu Eyrún Huld Ingvarsdóttir frá Þrándarholti og fjölskylda standa fyrir notalegri jólastund í Árnesi. Eyrún Huld mun spila nokkur vel valin verk á fiðluna sína og svo bjóða upp á heitt kakó og smá meðlæti og leika nokkur vel valin jólalög yfir borðum. Aðgangur er ókeypis en þeir sem það kjósa geta styrkt Eyrúnu Huld til þess að fjárfesta í nýrri fiðlu.



Eyrún Huld hóf fiðlunámið 4 ára gömul í Tónlistarskóla Árnesinga, fyrst hjá Guðmundi Pálssyni, og síðar Mariu Weiss en stundar nú nám hjá Auði Hafsteinsdóttur í MÍT í Reykjavík. Hún hefur komið fram á fjölmörgum tónleikum og á öðrum upptökum í gegnum tíðina. Þegar tækifæri hefur gefist hefur hún tekið þátt í viðburðum sem bjóða upp á verðlaun og viðurkenningar og á þeim vettvangi hefur henni vegnað einstaklega vel. Hún hlaut hún sérstaka viðurkenningu fyrir framúrskarandi flutning á lokahátíð

Nótunnar í Hofi, Akureyri 2019 og að auki var hún á þeirri hátíð valin til þess að spila einleik með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna síðar sama ár. Ári síðar tók hún þátt í Felíks Janievicz-fiðlukeppni Pólska sendiráðsins þar sem hún sigraði í sínum aldursflokki. Nú í mars tók hún þátt í prufuspili fyrir Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands og var hún valin úr fjölmönnum hópi umsækjenda til þess að gegna stöðu konsertmeistara sveitarinnar þetta árið. Auk þessa alls hefur Eyrún Huld sótt ýmis námskeið og masterclassa hérlandis og einnig tvisvar sinnum erlendis, eins oft og kostur hefur verið á.

NÝ FIÐLA

Eftir því sem færni fiðluleikara eykst kallar það á enn betra hljóðfæri. Fiðlan þarf að ná að skila þeim hljóm og blæbrigðum í tón sem fiðluleikarinn er fær um að framkalla á hljóðfæri sitt. Og þegar færnin er komin til að spila stærri verk er gott hljóðfæri ómissandi. Fiðlan góða sem Eyrún Huld leikur á núna var keypt fyrir fermingarpeninginn henni þykir ofur vænt um hana. En eftir framfarir síðustu mánaða er ljóst að hún þarf hljóðfæri í talsvert hærri gæðaflokki, og því bregður hún á þetta ráð til þess að safna aur fyrir drauma-fiðlunni.

Eyrún Huld safnar fyrir nýrri fiðlu

Jólatónar og kakótár í Árnesi

sunnudaginn
17. des kl. 17:00



Skeiðalaug

Opnunartími í desember

Desember 2023						
Sun.	Mán.	Þri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.
					1 Fullveldisdagurinn	2 OPIÐ 10-15
3	4 OPIÐ 16-21	5	6	7 OPIÐ 16-21	8	9 OPIÐ 10-15
10	11 OPIÐ 16-21	12	13	14 OPIÐ 16-21	15	16 OPIÐ 10-15
17	18 OPIÐ 16-21	19	20 OPIÐ 17-22	21 OPIÐ 16-21	22	23 Þorlákuness LOKAÐ
24 Aftirlagsdagur jóna (kl 12:00)	25 Jóladagur	26 Annar í jónum	27 OPIÐ 17-22	28 OPIÐ 16-21	29	30 LOKAÐ
31 Gættisdagur	1.jan LOKAÐ					
OPIÐ 10-14						

Örlítill breyting verður á opnunartíma laugarinnar í kring um hátíðarnar. Lokað verður fjóra daga en opið aðra fjóra daga í staðin.

Það eru síðustu tveir **miðvikudagarnir** frá kl 17:00 – 22:00 og svo síðustu tveir **sunnudagarnir** frá kl 10:00 – 14:00.

Sjáumst í Skeiðalaug!



LEIKFIMI FYRIR ÞIG

Opinn tími fyrir alla 60+ og aðra sem eru í endurhæfingu eða eru utan vinnumarkaðar. Tíminn er kl. 10 á mánudögum í Íþróttahúsinu á Flúðum.

Leiðbeinandi: Gunnar Gunnarsson, íþrótt- og heilsufræðingur



Helgihaldið um jól og áramót

Kæru sveitungar.



HRUNAPRESTAKALL

Árlegir vetrarsólstöðutónleikar Kirkjukórs Hruna- og Hrepphólasókna verða í Hrunakirkju **22. desember kl. 20.** Gestasöngvari á tónleikunum verður Óskar Snorri Óskarsson.

Notaleg kvöldstund í anddyri jólaanna. Aðgangur ókeypis og allir hjartanlega velkomnir. Helgihaldið í kirkjunum okkar um jól og áramót verður sem hér segir:

Aðfangadagur - 24. des.: Jólakirkjuskóli fjölskyldunnar í Hrepphólakirkju kl. 11.
Guðsþjónusta í Ólafsvallakirkju kl. 23.

Jóladagur - 25. des.: Hátiðarmessur: Stóra-Núpskirkja kl. 11 og Hrepphólakirkja kl. 13.
Ljósaguðsþjónusta í Hrunakirkju kl. 22.

Gamlársdagur - 31. des.: Guðsþjónusta í Tungufellskirkju kl. 14.
Aftansöngur í Stóra-Núpskirkju kl. 16.

Nýársmessa - 7. janúar: Hrepphólakirkja kl. 11. Þjóðlegur hádegisverður á eftir.

Guð gefi gleðileg jól og farsæld á nýju ári. Sjáumst í kirkjunni!

Óskar Hafsteinn Óskarsson, sóknarprestur

10. bekkur Flúðaskóla í Danmörku 23 – 28. október

Árgangur 2008 sem nú er í 10. bekk í Flúðaskóla, heimsótti samstarfsskóla sinn í Holbæk nú á haustdögum. Verkefnið **Slam**, hófst þar formlega með því að gera bæði ýmis verkefni sem snúa að sjálfbærni og jafnframt að heimsækja hreinsistöð sem vinnur á svipaðan hátt og Seyruverkefnið á Flúðum.

Dagarnir í Holbæk þar sem Íslesku og dönsku nemendurnir kynntust náði í gegnum ýmis verkefni og allskonar leiki og samveru, gáfu fyrirheit um að meðvitundin um sjálfbærni væri opin, norrænt samstarf og mikilvægi þess væri ljóst og að flest ungmenni þessara skóla væru meðvituð um að ábyrgð á framtíðinni, væri þeirra.

Nánari kynning á verkefninu **Slam** mun verða eftir áramót en hægt er að lesa um samstarfið við Seyruverkefnið inni á www.seyra.is

Seinni hluta ferðarinnar var dvalið í Kaupmannahöfn þar sem nemendur kynntu staði og byggingar sem þau höfðu kynnt sér náði áður en ferðalagið hófst og mun sú dvöl væntanlega verða nemendum algjörlega ógleymanleg um aldur og ævi.

Myndasýning frá Danmerkurferð

Nemendur í 10. bekk Flúðaskóla bjóða öllum þeim sem áhuga hafa, að koma og sjá ferðasögu þeirra frá Danmerkurferðinni í máli og

myndum í Félagsheimili Hrunamanna, fimmtudaginn 7. desember kl. 17.00.

Þakkir

Það er ákaflega þroskandi og gefandi fyrir nemendurna að standa sjálf að fjáröflun í svona mikilvægu verkefni eins og Danmerkurferð er. Þannig verða þau meðvituð um að svona ferðalag kostar pening og að þeirra framlag við fjáröflunina er því afar mikilvægur. Dósasöfnunin er þannig mikilvægur undirbúningur og hvatning fyrir hópinn í heild sinni og er í raun fyrsta skref hópsins í sameiginlegu ferðalagi til Danmerkur. Jafnframt styrkir það félagsþroska þeirra þegar hópurnir hittist allur saman ásamt aðstandendum og telja og flokka dósirnar. Það myndast oft gríðarlega skemmtileg stemning þegar allur hópurnir hittist og er að telja dósir. Stolt senda þau síðan dósirnar í endurvinnslu og njóta uppskerunnar í ríku mæli í Danmörku.

10. bekkur í Flúðaskóla og þeirra aðstandendur vilja þakka fyrir allan þann stuðning sem þau hafa fengið í gegnum dósasöfnunina í Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Það er ómetanlegur stuðningur sem nemendur hafa svo sannarlega notið góðs af.

Að öllum öðrum ólöstuðum fær Eimskip sérstakar þakkir fyrir frábæran stuðning við flutning á dósnum.

**Hlökkum til að sjá sem flesta á myndasýningunni,
7. desember í Félagsheimili Hrunamanna kl. 17.00.**

10. bekkur Flúðaskóla. Anna og Sigga Steina, umsjónarmenn Slam.



Úrval af hunda- og kattafóðri



 **LANDSTÓLPI**

📍 Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
☎ 480 5600

📍 Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
☎ 480 5610


🌐 www.landstolpi.is
✉ landstolpi@landstolpi.is



Norræna ungmennaráðstefnan

Ungmennaráð Hrunamannahrepps og Ungmennaráð Skeiða- og Gnúpverjahrepps tók þátt í ráðstefnunni báða dagana. Leiðtogafundur ungs fólks er öflugur samráðs- og samtalsvettvangur barna og ungmenna um málefni er varðar þau sjálf. Meginmarkmið leiðtogafundar er að gefa börnum og ungmennum tækifæri til þess að hittast, ræða saman og mynda aðgerðir í þeirra málefnum sem afhentar verða Norrænu ráðherranefndinni ásamt ráðamönnum í hverju landi fyrir sig í lok fundarins. Við megum svo sannarlega vera stolt af öflugum talsmönnum ungmenna úr sveitarfélögunum okkar. Sterk rödd ungmenna í málefnum er varðar þau sjálf skiptir mjög miklu máli. Sérstaklega ef

markmiðið er að gæta hagsmuna barna og ungmenna til framtíðar. Því skiptir öllu máli að börn og ungmenni hafi tök á því að tjá skoðanir sínar á öllum stigum ákvörðunartöku um málefni barna og ungmenna. Gerum gott starf í þágu barna og ungmenna enn betra!



Opnir kynningarfundir um vindorkukost í landi Skáldabúða




Þýska orkufyrirtækið wpd og Gunnbjörn ehf. bjóða íbúum Skeiða- og Gnúpverjahrepps til opinna kynningafunda dagana 11. og 12. desember frá 13:00-18:00.

Fundirnir verða haldnir í félagsheimilinu Árnesi, þar sem að fulltrúar frá wpd munu veita áhugasömum upplýsingar um vindorkukostinn, stöðu mála innan Rammaáætlunar og framvindu. Vindorkukosturinn, sem hefur fengið vinnuheitið Hrótmúlavirkjun, er fyrirhugaður í landi Skáldabúða í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Íbúar eru velkomnir þegar að þeim hentar og ekki þarf að panta tíma.

Helgina 24.-25. nóvember fór ég fyrir hönd Ungmennaráðs Skeiða- og Gnúpverjahrepps ásamt Ungmennaráði Hrunamannahrepps á Norræna Ungmennaráðstefnuna (Nordic Youth Summit) í hörpunni. Það sem við gerðum var að ræða saman um ungmenna starfið og það sem vantar þar í. Við byrjuðum dagana hressilega með einhverskonar leikjum/hreyfingu. Fyrsta daginn vorum við að svara spurningum og segja hvað okkur fannst. Og á milli komu skemmtiatriði eða bara aðeins að brjota ísinn með öðruvisi verkefnum og svona. Seinni daginn vorum við að svara spurningum sem voru gerðar af niðurstöðunum eftir fyrri daginn og enduðum við með svo kallað “action plan” eða aðgerðaráætlun sem Guðmundur Ingi Guðbrandsson tók á móti.

Emelia Karen Gunnþórsdóttir



Sveitarstjórn 2022-2026. 31. fundur, 1. nóvember 2023 kl. 09:00

Mættir: Haraldur Þór Jónsson, Vilborg Ástráðsdóttir Bjarni H. Ásbjörnsson, Gunnar Örn Marteinsson og Axel Á. Njarðvík.

Fundargerð ritaði: Sýlvía Karen Heimisdóttir Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera. Óskaði Oddviti eftir því að bæta við tveimur málum á dagskrám, þ.e. fundargerð 8. fundar skólanefndar frá 23. október og 100 ára afmæli Þjósárskóla. Var það samþykkt og verða þessi mál nr. 5. og 6. á dagskrá. Færast aðrir liðir neðar sem því nemur.

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

1. Skýrsla sveitarstjóra á 31. sveitarstjórnarfund

Rekstur Þjósárdalsins - fundur með Umhverfisstofnun.

Oddvitaneftarfundur.

Skipulagsdagurinn í Grósku.

Orkuslód Landsvirkjunar á Þjósársvæðinu.

Fundur m/Hrunamannahreppi v/Skólamál.

SASS Árspjng.

Fundur með Vegagerðinni v/Búðafossvegur.

Fundur með Steypustöðinni.

Framkvæmdir á skólalód Þjósárskóla.

Þjónustusamningar.

2. Fjárhagsáætlun 2023. Útkomuspá 2023.

Lögð fram útkomuspá fyrir árið 2023. Verulegar framkvæmdir hafa verið á árinu á sama tíma og staða sveitarsjóðs hefur orðið sterkari. Ekki hefur komið til neinnar lántöku það sem af er ári. Áætluð rekstrarniðurstaða A hluta er jákvæð um 123 milljónir og samstæða A og B hluta jákvæð um 105 milljónir.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps staðfestir með fimm ákvæðum útkomuspá vegna ársins 2023.

3. Gjaldskrár og álagningarforsendur 2024

Lögð fram til fyrri umræðu drög að breytingum á gjaldskrár og álagningarforsendum fyrir árið 2024. Lagt er upp með að útsvarsprósenta verði óbreytt og verðskrár haldi í við verðlag.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir að gjaldskrár verði til grundvallar á vinnufundi fjárhagsáætlanagerðar og samþykkir sveitarstjórn með fimm atkvæðum að vísa gjaldskrár til síðari umræðu.

4. Fjárhagsáætlun 2024 og 2025-2027 - fyrsta umræða

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 og 2025-2027 lögð fram til fyrri umræðu. Farið var yfir helstu forsendur fjárhagsáætlunar og drög að fjárfestingaráætlun. Fyrir liggur vinnufundur sveitarstjórnar um fjárhagsáætlun á milli umræðna.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að vísa fjárhagsáætlun vegna ársins 2024 og árunna 2025-2027 til síðari umræðu.

5. Fundargerð 8. fundar skólanefndar

Sveitarstjórn staðfestir fyrirkomulag vinnutímastyttingar kennara sbr. 10. lið fundar. Fundargerð að öðru leyti lögð fram til kynningar.

6. Afmælishátíð Þjósárskóla

Þann 15. nóvember nk. verður haldið upp á 100 ára afmæli Ásaskóla og 90 ára afmæli Brautarholtsskóla. Í tilefni þess samþykkir sveitarstjórn að kaupa ný leiktæki á leiksvæði skólans. Um er að ræða aparólu, ærslabelg og fleiri tæki og verður farið í framkvæmdir við að koma leiktækjunum niður á næstu vikum og mánuðum.

7. Refaveiðar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Samningur við refaveiðimenn er útrunninn. Refaveiðin hefur verið í höndum Bergs Björnssonar, Skúla Helgasonar og Jóns Bogasonar. Fyrir liggur fyrir að refum og minkum hefur fjölgað í sveitarféluginu að undanfögnu.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og fjármálastjóra að útfæra verklag/reglur um refa- og minkaveiði, og leggja fram drög að frekari samningum.

8. Úrskurður í máli nr. 74/2023 Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála

Úrskurður lagður fram til kynningar.

9. Erindi frá Afliu

Lagt fram erindi frá Afliu, samtökum fyrir þolendur ofbeldis, um styrk að fjárhæð 100.000 kr. Aðalstarfstöð Afilsins er á Akureyri, auk starfstöðva á Húsavík og Egilsstöðum. Ástæða umsónar um styrk er til að bæta við þjónustu til þolenda í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hafnar erindinu með fimm atkvæðum á grundvelli þess að sveitarfélagið hefur undanfarin ár styrkt samtök sem starfrækja svipaða þjónustu í nærumhverfi Suðurlands.

10. Fundargerðir og aðalfundargögn UTU

Fundargerðir og ársskýrsla lagðar fram til kynningar.

11. Fundargerð 26. fundarsvæðisskipulagsnefndar Suðurhálandis

Fundargerð lögð fram til kynningar.

12. Fundargerð stjórnar Sambands Ísl. Sveitarfélaga

Fundargerð nr. 935 lögð fram til kynningar.

13. Fundargerð hússtjórnar Þjóðveldisbæjar

Fundargerð lögð fram til kynningar.

14. Fundargerð 268. fundar skipulagsnefndar Álfröð L222125 og Engjateigur vegsvæði L222124; Breyttir byggingarskilmálar og niðurfelling vegar; Deiliskipulagsbreyting - 2310038

Lögð er fram umsókn um óverulega breytingu á deiliskipulagi Álfsstaða í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Breytingin tekur til lóðanna Álfröð L222125 og Engjateigur vegsvæði L222124. Í breytingunni felst m.a. að byggingarreitir hliðrast og vegur, sem gert er ráð fyrir í núverandi deiliskipulagi, er felldur út. Byggingarheimildir fyrir hesthús og íbúðarhús eru óbreyttir úr gildandi deiliskipulagi en stærð gistihúss eykst úr 400 í 1.000 fm.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Votamýri 2 L166505; Votamýri 2A; Stofnun lóðar - 2310036

Lögð er fram umsókn frá Gunnari Má Þórðarsyni um stofnun lóðar úr landi Votumýrar 2 L166505. Um er að ræða 6,1 ha lóð sem fær staðfengið Votamýri 2A. *Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um uppfærð gögn.*

15. Fundargerð 231. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Fundargerð lögð fram til kynningar.

16. Fundargerð aðalfundar Hitaveitu Gnúpverja

Fundargerð lögð fram til kynningar.

17. Fundargerð stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþing 24.8.2023

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn gerir athugasemd við athugasemdir starfsmanna Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþing í 3. lið fundargerðar um húsnæðismál og ítrekar að húsnæðismál Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings sé í samræmi við það sem lagt var með

í upphafi að starfsemin í Laugarási yrði til að byrja með í tveimur húsakostum á svæðinu. Mikilvægt er að stjórn SVÁ haldi áfram umræðu um húsnæðismál þjónustunnar í Laugarási í vinnu fjárhagsáætlunar.

18. Fundargerð stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþing 17.10.2023

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 12.00. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 22. nóvember nk., kl. 9.00, í Árnesi.

Sveitarstjórn 2022-2026. 32. fundur, 22. nóvember 2023 kl. 09:00

Mættir: Haraldur Þór Jónsson oddviti, Vilborg Ástráðsdóttir, Bjarni H. Ásbjörnsson, Gunnar Örn Marteinnsson og Axel Á. Njarðvík.

Fundargerð ritaði: Sylvía Karen Heimisdóttir
Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera.

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

1.Skýrsla sveitarstjóra á 32. sveitarstjórnarfundi

Kynning fyrir stjórn Samorku.

Fundur með Rauðukömbum

Fundur með Steypustöðinni.

Stjórnarfundur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings (SVÁ).

Fundur með HSU.

Fundur Seyrustjórnar.

Kynning byggðapróunarfulltrúa og ferðamálafulltrúa.

Fundir með foreldrum í Þjósarskóla.

Fundur með þingflokki Flokki fólksins.

Fundir með Vegagerðinni vegna Búðafossvegur.

Vígsla lyftu í Þjósarskóla.

Samráðsfundur sveitarstjóra vegna aðstæðna við Grindavík.

Stjórnarfundur Umhverfis- og tæknissviðs Uppsveita (UTU).

Vinnufundur sveitarstjórnar vegna fjárhagsáætlunar.

Afmæli Ásaskóla og Brautarholtsskóla

Íbúafundur.

2. Álagningarforsendur 2024

Lögð er fram tillaga að álagningarprósentu útsvars árið 2024 verði óbreytt 14,74%.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að álagningarprósenta útsvars fyrir árið 2024 verði 14,74%.

3. Innviðaráðuneytið, beiðni um frum-

kvæðisathugun

Lagt er fram til kynningar erindi sem barst Innviðaráðuneytinu og er ráðuneytið með í skoðun hvort ástæða sé til að fjalla formlega um stjórnsýslu sveitarfélagsins á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 128/2011.

4. Skólamál, breytingar og uppbygging framundan

Lagt er til að staðfest verði sú tímalína sem ákveðin var á sveitarstjórnarfundum þann 18. október síðastliðinn. Einnig er lagt til að sveitarstjórn samþykki að láta vinna fjárhagslega greiningu á fjárfestingu á nýrri byggingu í Árnesi sem mun hýsa íþróttahús, faglab/verknámsaðstöðu, fyrirtækjakjarna og skrifstofur sveitarfélagsins. Áætluð fjárfesting á árunum 2024-2026 er samtals að fjárhæð 1.200 milljónir kr.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps staðfestir með fimm atkvæðum framangreinda tímalínu og felur sveitarstjóra að hefja formlegar viðræður við sveitarstjórn Hrunamannahrepps um breytingu á núgildandi samningi um samstarf í skólamálum.

Fjármálastjóra er falið að koma af stað fjárhagslegri greiningu á fjárfestingunni og mati á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins í samræmi við 66. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

5. Umsókn um atvinnulód í Árnesi

Lögd er fram umsókn frá Steypustöðinni Námun ehf. um 4-5 hektara lód undir atvinnustarfsemi í landi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Á lóðinni þarf að vera heimild til að vinna efni, reisa mannvirki í formi skjólgarða til geymslu á vikri ásamt því að byggja lager- og vinnsluhúsnæði.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps tekur vel í umsóknina og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram. Sveitarstjórn ítrekar þó mikilvægi þess að tryggð verði að ekki verði fok á uppsöfnuðu efni með þar til gerðum skjólgörðum eða húsnæði.

6. Lífúrgangur. Kaup á jarðgerðarvél

Þann 1. janúar sl. tók í gildi breyting m.a. á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 sem ætlað var að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarkerfis til að stuðla að sjálfbærri auðlindanotkun og draga úr myndum úrgangs. Sveitarfélögum er skylt að vera með sérstaka söfnun við íbúðarhús og hjá lögaðilum í þéttbýli. Söfnun lífúrgangs í sveitarfélaginu hefur verið misjöfn og hefur söfnun á hluta lífúrgangs í þéttbýli verið í höndum starfsmanna sveitarfélagsins

sem svo hafa keyrt úrganginn á Selfoss til jarðgerðar. Með lífúrgangi er átt við lífbrjótanlegan garðaúrgang, matar- og eldhúsúrgang frá heimilum, skrifstofum veitingastöðum, mótuneytum og sambærilegum úrgangur frá vinnslustöðvum matvæla.

Lagt er til að fjárfest verði í jarðgerðarvél sem breytir lífúrgangi í jarðvegsbæti og hann svo nýttur áfram til íbúa og fyrirtækja á svæðinu til ræktunar og uppgræðslu. Fengin voru tvo tilboð í jarðgerðarvél. Við mat á vélunum er önnur talin betri kostur þar sem hún hitar afurðina þannig að vottun ætti að nást á hana. Lagt er til að sú vél verði keypt, að söfnun verði áfram í höndum starfsmanna sveitarfélagsins og henni hagað þannig í þéttbýlunum að afkastageta vélarinnar sé nýtt sem best. Jafnframt er lagt upp með að settir verði upp söfnunarkassar á grenndarstöðvum sveitarfélagsins þannig að íbúar í dreifbýli geti skilað lífúrgangi sínum þangað til frekari vinnslu.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að kaupa framangreinda jarðgerðarvél. Kaupin rúmast innan fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023.

7. Svar Landsnets við áskorun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Á fundi sveitarstjórnar hinn 16. ágúst sl. skoraði sveitarstjórn á ríkisstjórn Íslands og stjórnar Landsvirkjunar, Landsnets og Rarik að hefja stefnumótun til framtíðar þar sem höfuðstöðvar fyrirtækja verði í nærumhverfi orkuvinnslunnar. Lagt er fram til kynningar svar Landsnets við framangreindri áskorun sveitarstjórnar.

8. Beiðni um endurnýjun samnings við Markaðsstofu Suðurlands

Lagt er fram bréf frá Markaðsstofu Suðurlands þar sem óskað er eftir endurnýjun á núverandi samningi óbreyttum sem svarar 430kr. á hvern íbúa til næstu þriggja ára. Uppbygging ferðaþjónustu á okkar svæði verður mikil á komandi árum. Markaðsstofan hefur unnið gott starf við ímyndarsköpun, þróun og markaðssetningu Suðurlands í heild sem áfangastaðar. Jafnframt óskar Markaðsstofan eftir því að gera frekari grein fyrir starfseminni og uppfærðri áfangastaðaaætlun Suðurlands í formi kynningar fyrir fulltrúa sveitarfélagsins. Lagt er til að samþykkt verði að framlengja samstarfið við Markaðsstofu Suðurlands.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að framlengja

samstarf sveitarfélagsins við Markaðsstofu Suðurlands á grundvelli óbreytts samnings og til næstu þriggja ára. Sveitarstjóra falið að undirrita samning fyrir hönd sveitarfélagsins og kynna hann í framhaldinu fyrir Atvinnu- og samgöngunefnd. Sveitarstjórn telur jafnframt vel í og telur mikilvægt að fá frekari kynningu á starfi Markaðsstofunnar.

9. Beiðni um tilnefningu í samstarfshóp um áætlanir í Kerlingarfjöllum

Lögð er fram beiðni frá Umhverfisstofnun um samstarf við Skeiða- og Gnúpverjahrepp í tengslum við vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir landslagsverndarsvæðið Kerlingarfjöll og óskar stofnunin jafnframt eftir tilnefningu fulltrúa sveitarfélagsins í samstarfshóp um gerð áætlunarinnar.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps tekur vel í erindi Umhverfisstofnunar um samstarf og skipar Harald Þór Jónsson í samstarfshóp um gerð stjórnunar- og verndaráætlun fyrir landslagsverndarsvæðið Kerlingarfjöll.

10. Umsagnarbeiðni um mál nr. 0816/2023 - Búrfellslundur

Lögð er fram umsagnarbeiðni frá Rangárþingi Ytra vegna deiliskipulags fyrir Búrfellslund í Rangárþingi Ytra.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps felur sveitarstjóra að vinna umsögn fyrir hönd sveitarfélagsins um deiliskipulagið.

11. Umsókn um breytingu á rekstrarleyfi

Lögð er fram umsókn um breytingu á rekstrarleyfi til sölu gistingar eða veitingu veitinga að Ásólfstöðum Miðhól þar sem verið er að bæta við gistihúsi.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps gerir ekki athugasemd við breytingu á rekstrarleyfi.

12. Umsókn um rekstraleyfi

Lögð er fram umsagnarbeiðni vegna umsóknar Skaftholts, sjálfseignarstofnunar, um leyfi til reksturs gististaðar í flokki III- tegund: D Gistiskáli. *Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við umsókn um rekstur gististaðar í flokki III, Gistiskáli.*

13. Lögð er fram umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis vegna frumvarps til laga um jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps felur sveitarstjóra að skila inn umsögn fyrir hönd sveitarfélagsins.

14. Kvikmyndatökur í Skeiða- og

Gnúpverjahreppi

Lögð fram beiðni frá Truenorth Nordic ehf. um samstarf við sveitarfélagið vegna stuttra kvikmyndaverkefna í sveitarfélaginu í samstarfi við landeigendur.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.

15. Skógræktarframkvæmdir í Þjórsárdal

Lagt er fram erindi frá Skógræktinni vegna skógræktar í Þjórsárdal. Áhersla á kolefnisbindingu með skógrækt hefur aukist á andanförnum árum og hefur Skógræktin unnið að gróðursetningu í Þjórsárdal, m.a. með samstarfi við Landlife company sem er hollenskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í að binda kolefni með skógrækt víða um heim. Í tengslum við þetta samstarf hefur á síðustu þremur árum verið gróðursett í svæði við Vikrana í Þjórsárdal, á landi sem áður var örfoka en hefur verið grætt upp að stærstu leyti á síðustu áratugum. Landið er skilgreint á aðalskipulagi sem landgræðslu- og skógræktarsvæði. Á árunum 2021 og 2022 var ákveðið í samstarfi við Landlife company að gróðursetja ýmsar trjategundir í ógróðursett svæði, þ.e. eyður milli þegar uppvaxinna lunda. Birki var gróðursett í jaðri svæðisins auk ýmissa hrað vaxnari trjategunda. Markmiðið er auk kolefnisbindingar að græða landið nokkuð samfelldum skógi sem mun skapa varanlega vörn fyrir sandfoki af Vikrunum og hlífa þeirri uppbyggingu sem er að fara af stað í Þjórsárdal, þ.e. stækkun tjaldsvæði og uppbyggingu á þjónustumiðstöð. Gera má ráð fyrir að skógarnir bindi tugi þúsunda tonna af CO₂ á næstu áratugum sem talin verða fram í loftslagsbókhaldi Íslands. Auk þess munu skógarnir draga úr áhrifum öskufoks í kjölfar eldgosa í Heklu og hlífa þeirri uppbyggingu í ferðaþjónustu sem fyrirhuguð er á svæðinu.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir umrætt skógræktarverkefni í Þjórsárdal til uppgræðslu á Vikrunum. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að koma á fundi með Skógræktinni um framtíðaráform Skógræktarinnar í Þjórsárdal.

16. Samþykkt Sorpstöðvar Suðurlands- fyrir umræða

Lagðar fram til fyrri umræðu nýjar samþykktir Sorpstöðvar Suðurlands (SOS) sem samþykkt var á aðalfundi SOS hinn 27. október sl.

Sveitarstjórn vísar nýjum samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands til síðari umræðu.

17. Fundargerð 269. fundar skipulagsnefndar

Holtstagl, iðnaðarsvæði Brautarholti; Breyting lóðamarka nr. 1 L179531 og 3 L166450; Deiliskipulagsbreyting - 2310088

Lögd er fram umsókn um óverulega breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis við Holtstagl í Brautarholti. Í breytingunni felst breyting á stærðum lóða innan svæðisins.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsjækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu. Hagi 2 L166551; Náma og aðkoma; Aðalskipulagsbreyting - 2306043

Lögd er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til skilgreiningar á námusvæði í landi Haga 2 L166551 eftir kynningu. Með breytingunni verður sett inn 1,5 ha efnistökusvæði þar sem heimilt er að vinna allt að 45 þús. m³ af efni. Markmið með breytingunni er að heimila meiri efnistöku en getur fallið undir að vera til eigin nota og er því skilgreint sem efnistökusvæði.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna skilgreiningar á námusvæði í landi Haga 2, í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skal tillagan auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

Brjánsstaðir lóð 4 L213014; Laugatún; Þjónustuhús auk þyrpingu gistihúsa; Deiliskipulag - 2301017

Lögd er fram tillaga er varðar nýtt deiliskipulag á lóð Brjánsstaða lóð 4 (Laugatún) L213014 eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst heimild til að byggja þyrpingu lítilla gistihúsa auk þjónustuhúsa og húsnæðis fyrir starfsfólk með fasta búsetu ef á þarf að halda. Nýtingarhlutfall lóðar geti orðið allt að 0.1. Samhlíða er afgreidd breyting á aðalskipulagi sem tekur til svæðisins.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan

gagnanna. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Brjánsstaðir lóð 4 L213014; Laugatún; Þjónustuhús auk þyrpingu gistihúsa; Aðalskipulagsbreyting - 2301064

Lögd er fram skipulagstillaga sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps í landi Brjánsstaða lóðar 4 L213014 (Laugatún) eftir auglýsingu. Með breytingunni verður sett inn 1 ha verslunar- og þjónustusvæði með heimild fyrir fasta búsetu, gestahús fyrir allt að 50 gesti og þjónustuhús. Markmið með breytingunni er að efla atvinnustarfsemi og bæta þjónustu við íbúa og gesti. **Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar. Sveitarstjórn óskar eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

18. Fundargerð 9. fundar Menningar- og áskulýðsnefndar

Tekið er til afgreiðslu 1. og 3 t.l. fundargerðar er varðar úthlutun fjármagns til 17. júní hátíðarhalda og til byggðahátíðarinnar Upp í sveit sem og fjármagns til að halda íþróttakeppni næsta sumar.

Sveitarstjórn samþykkir að veitt verði sambærilegt fjármagn til hátíðarhalda nefndarinnar og auka fjármagns til að halda íþróttakeppni sumarið 2024. Gert verður ráð fyrir þessu í fjárhagsáætlun fyrir árið 2024. Fundargerð að öðru leyti lögd fram til kynningar.

19. Fundargerð 9. fundar Afréttarmálanefndar Gnúpverja

Fundargerð lögd fram til kynningar.

20. Fundargerð stjórnar Sambands sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)

Fundargerðir 601., 602. og 603. fundar stjórnar SASS lagðar fram til kynningar.

21. Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands (SOS)

Fundargerðir 321. og 332. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands lagðar fram til kynningar.

22. Fundargerð haustfundar Héraðsnefndar Árnesinga

Fundargerð 31. fundar Héraðsnefndar Árnesinga lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps staðfestir með fimm atkvæðum aukaframlag við fjárhagsáætlun Byggðasafns Árnesinga fyrir árið 2023 líkt og samþykkt var á fundinum. Aukaframlag rúmast innan fjárhagsáætlunar 2023. Fundargerð að öðru leyti lögð fram til kynningar.

23. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra Sveitarfélaga

Fundargerð lögð fram til kynningar.

24. Fundargerð aðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands (SOS)

Fundargerð aðalfundar SOS sem haldinn var 27. október sl. lögð fram til kynningar.

25. Fundargerð fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings (SVÁ)

Lögð er fram fundargerð 1. fundar fagnefndar SVÁ. Lagðar eru fram tillögur um hækkun á fjárhagsaðstoð, greiðslum vegna stuðningsfjölskyldna og gjaldskrár vegna heimaþjónustu og akstursþjónustu.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum hækkun á greiðslum og gjaldskrár. Fundargerð að öðru leyti lögð fram til kynningar.

26. Fundargerð stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings (SVÁ)

Fundargerð fundar stjórnar SVÁ frá 6. nóvember sl. lögð fram til kynningar.

27. Fundargerð hússtjórnar Þjóðveldisbæjar

Fundargerð hússtjórnar Þjóðveldisbæjar frá 9.

október sl. lögð fram til kynningar.

28. Fundargerð seyrustjórnar

Fundargerð 12. fundar stjórnar seyrustjórnar lögð fram til kynningar.

29. Fundargerð stjórnar Héraðsskjalasafns Árnesinga

Lögð fram fundargerð fundar stjórnar Héraðsskjalasafns Árnesþings frá 10. nóvember sl.

Sveitarstjórn samþykkir með fimm atkvæðum húsaleigusamning milli Héraðsskjalasafns Árnesinga og Sveitarfélagsins Árborg.

30. Fundargerð framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs.

Fundargerð 15. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs. lögð fram til kynningar.

Jarðhræringar í og við Grindavík

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps sendir Grindvíkingum og aðstandendum þeirra hlýjar kveðjur vegna þeirra erfiðu óvissutíma sem upp hafa komið vegna jarðhræringa á Reykjanesi. Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur lýsir sig reiðubúið að veita alla þá aðstoð sem möguleg er í því skyni að létta undir. Standa þar með grunn- og leikskóli sveitarfélagsins opnir þeim börnum sem flytja þurfa tímabundið í sveitarfélagið vegna þessa. Að sama skapi er sveitarfélagið reiðubúið til að aðstoða Grindvíkinga við öflun húsnæðis á meðan á þessu ástandi stendur.

Fundi slitið kl. 12:15. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 6. desember nk., kl. 9:00 í Árnesi.

		4	8	6		3	
		1				9	
8					9	6	
5			2		6		1
	2	7			1		
				4	3		6
	5						
		9				4	
			4			1	5

9		4				5	
		7	8				
6			5				7
	3		1		4		6
1		6		8			
	4		3		9	2	8
			7	3			5
	6					7	
		8	4	5		6	2

Verum sýnileg í skammdeginu

- Endurskinsmerki virka eins og blikkljós þegar ljós skín á þau
- Ökumenn sjá vegfarendur með endurskin a.m.k. 5x fyrr
- Því fyrr sem þú sést
- því öruggari ertu

Best er að staðsetja endurskin

- fremst á ermum
- hangandi meðfram hliðum
- á skóm eða buxnaskálmum
- á bakpoka eða tösku

